

Jafnréttisstefna leikskóla Seltjarnarness

Markmiðið með jafnréttisstefnu leikskólanna er að tryggja fullt jafnrétti kynjanna þ.e. barna, starfsmanna og foreldra. Jafnréttisstefnan er leiðarvísir fyrir starfsfólkið til að stuðla að góðu jafnræði í hvívetna.

Í jafnréttisstefnunni er lögð áhersla á góð samskipti við börnin, á milli barnanna innbyrðis, á milli starfsfólksins og við foreldra barnanna.

Í leikskólum Seltjarnarness:

- tekur skipulag leikskólastarfsins mið af jafnrétti beggja kynja, þar sem stúlkur jafnt sem drengir fá að njóta sín.
- er stuðlað að vináttu og samleik drengja og stúlkna.
- eru leikföng og efniviður sem höfða jafnt til stúlkna og drengja.
- er forðast að hafa staðlímyndir í bókum og/eða söngtextum.
- er jafnræðis gætt í framkomu og viðmóti við börnin.

Í leikskólum Seltjarnarness:

- er stuðlað að því að karlar jafnt sem konur ráðist til starfa.
- er vinnuframlag og ábyrgð beggja kynja jafnt.
- er leitast við að fræða starfsfólk og opna umræðu um jafnréttismál.

Í leikskólum Seltjarnarness:

- eru báðir foreldrar hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu.
- er upplýsingastreymi beint til beggja foreldra.
- er stuðlað að góðu samstarfi við báða foreldra.

Til að viðhalda jafnréttisstefnu leikskólanna skal einn starfsmannafundur á ári tileinkaður jafnréttisumræðu.



SELTJARNARNESBÆR